

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð
dr. Halldórs Pálssonar búnaðarmálastjóra til stuðnings framförum í
sauðfjárrækt og nýtingu sauðfjárafurða sem staðfest var 29. janúar 1991 nr. 54.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn til fjögurra ára í senn tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

Landssamtökum sauðfjárbænda, Landssamtökum sláturleyfishafa, Landbúnaðarháskóla Íslands, einn maður frá hverjum, og tveir menn frá Bændasamtökum Íslands. Skal annar fulltrúi bændasamtakanna gegna formannsstarfi stjórnarinnar.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Halldórs Pálssonar staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 5. desember 2007.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.